

Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ.

100 ára afmæli orðanefnda.

Vigdís Finnbogadóttir aðrir góðir gestir.

Í dag er hátíðisdagur þegar við fögnum því að 100 ár eru liðin frá stofnun fyrstu orðanefndar Verkfræðingafélags Íslands.

Orðanefnd Verkfræðingafélagsins var stofnuð árið 1919 og starfaði til ársins 1933. Beinn arftaki hennar er Orðanefnd Rafmagnsverkfræðingadeildar VFÍ sem er elsta starfandi orðanefnd landsins, stofnuð 16. maí 1941. Nefndin hefur á margan hátt verið brautryðjandi á sviði iðorðasmíði hérlendis. Íðorðasafn nefndarinnar hefur verið gefið út í 17 orðabókum og Raftækniorðasafnið er uppfært á vefsíðu Snöru. Heildarumfang raftækniorðasafnsins nemur nú um 21.300 íðorðum.

Orðanefnd byggingarverkfræðinga var stofnuð árið 1980 á vegum Byggingarverkfræðingadeildar VFÍ. Einar B. Pálsson, prófessor í byggingarverkfræði við Háskóla Íslands, var um langt árabil formaður nefndarinnar og ritstjóri íðorðasafna sem nefndin gaf út. Árið 2007 kom út Íðorðabók um umhverfistækni á vegum orðanefndarinnar. Bókin var 20 ár í smíðum og að baki lá mikil vinna. Vigdís Finnbogadóttir fylgdi bókinni úr hlaði og ritaði formála hennar. Þar segir hún meðal annars: „Íslenskan gerir hvert og einasta okkar að manneskju og okkur öll að þjóð. Með henni tjáum við tilfinningar okkar og drauma, þann hug sem við berum til heimsins og hvert til annars. Með henni gerum við heiminn einnig að vettvangi okkar. Hún er leið okkar að heiminum og tæki okkar til að fást við hann. Sem slíkt er íslensk tunga að mörgu leyti einstök. Tregða fyrri kynslóða til að gera erlend orð heimakomin í málinu, nema þau féllu fullkomlega að hljóð- og beygingakerfi íslenskunnar hefur orðið til þess að við viljum fremur smíða ný orð á gömlum grunni heldur en að taka við orðum sem hvorki falla að hrynjandinni né finna sér samhljóm í máli okkar. Fyrir bragðið er mál okkar sérlega gagnsætt. Það er auðvelt að ráða í merkingu orða – ekki síst nýrra orða – af þeim sem það er dregið af eða byggir á. Þennan merkilega og mæta sið höfum við líka tekið í arf og eins og oft er um arfleifð, fylgir henni töluverð ábyrgð.“

Framlag þeirra sem hafa starfað í orðanefndum Verkfræðingafélagsins er einstakt hugsjónastarf. Öll störf orðanefndarmanna eru unnin í sjálfboðavinnu og hefur svo ávallt verið. Flestir hafa þeir starfað í nefndunum um margra áratuga skeið.

Formenn Orðanefndar rafmagnsverkfræðinga hafa einungis verið fjórir frá upphafi. Fyrst Gunnlaugur Briem í 21 ár, þá Jakob Gíslason í 22 ár, Bergur Jónsson í 27 ár og Sigurður Briem núverandi formaður tók við þegar Bergur lést árið 2011. Eftirtaldir eru nú í Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga: Sigurður Briem formaður, Ívar Þorsteinsson, Jón Þóroddur Jónsson, Kristján Bjartmarsson, Ólafur Pálsson og Torfi Þórhallsson.

Hinsta kveðja Orðanefndar RVFÍ til Bergs Jónssonar hófst á þessum orðum: „Rafhreyfill ekki rafmagnsmótor; sjónvarpsskjár ekki sjónvarpsskermur; hitald ekki hitaelement, hverfill ekki túrbína“. - Þetta eru dæmi um orðabýðingar og nýyrðasmíð nefndarinnar þar sem oft hefur tekist snilldar vel til.

Í þakkarbréfi á 60 ára afmæli Rafmagnsverkfræðingadeildar skrifaði Bergur meðal annars: „Nýyrðasmíð Íslendinga er þekkt meðal nágrannþjóða okkar, sem líta á það með undrun og aðdáun, hve vel hefur tekist að halda við íslensku tungutaki í hraðfara tæknivæðingu og samskiptum þjóða.“

Verkfræðingar hafa ávallt verið í fararbroddi á því sviði. Nægir að minnast stofnun Orðanefndar Verkfræðingafélags Íslands árið 1919.“

Fyrir um ári síðan var í fréttum Ríkisútvarpsins vitnað í grein bresks blaðamanns og sagt frá því að íslensk tunga berjist fyrir lífi sínu – hún berjist gegn stafrænni útrýmingu. Ógnin felst í málumhverfinu í tækni- og afþreyingarheiminum. Nánar tiltekið felst ógnin í því sem snýr að tölvum, símum, sjónvarpi og annarri afþreyingu þar sem enskan ræður ríkjum. Við tölum við símann okkar á ensku og framundan eru tímar þar sem við munum nota röddina meira til að stýra tækjum, hvort sem það eru sjálfkeyrandi bílar eða heimilistölvan. Fræðimenn sem best þekkja telja einu vonina til að vinna stríðið þá, að til komi víðtækur fjárhagslegur en ekki síst andlegur eða menningarlegur stuðningur stjórnvalda. Að þau sýni í verki að þeim sé alvara í að viðhalda tungumáli okkar, íslenskunni, og upphugi með þjóðinni hvata og virki þá krafta sem að liði geta orðið. Undir slíkar áskoranir hljótum við að taka í dag þegar við minnumst þess merka starfs sem unnið er í orðanefndum Verkfræðingafélags Íslands.

Í þessum orðum mínum hef ég stiklað á stóru í starfi orðanefnda VFÍ en þeirra framlag verður seint fullþakkað. Ég vil þakka sérstaklega þeim orðanefndarmönnum sem heiðra okkur með nærveru sinni hér í dag. Ykkar framlag er ómetanlegt.